

## Frumvarp til laga

### um breyting á lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, með síðari breytingum (hreyfanleiki viðskiptavina).

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

#### 1. gr.

14. gr. laganna verður svohljóðandi:

Váttryggingartaki getur á váttryggingartíma sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna, fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja váttrygginguna til annars félags.

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu um uppsögn með 30 daga fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.

Sé um hópváttryggingu að ræða er heimilt að vikja frá ákvæði 1. mgr. í váttryggingarsamningi.

#### 2. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sé áhætta misjöfn á samningstímabili váttryggingar, og tekið er tillit til slíks við ákvörðun iðgjalds, má setja í skilmála að við útreikning á endurgreiðslu iðgjalds til váttryggingartaka skuli taka tillit til slíkra áhættusveiflna í uppgjöri.

Váttryggingafélagi er ekki heimilt að taka gjald vegna kostnaðar þess við það að váttryggingu er sagt upp á samningstímabili.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### I. Inngangur.

Á árinu 2009 tók Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) til skoðunar hvort aðkoma íslenska ríkisins að endurreisn váttryggingafélagsins Sjóvár samrýmdist ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins. Skoðun ESA leiddi til þess að málið var sett í formlega rannsókn. Í kjölfar fyrirspurnar ESA lýsti íslenska ríkið sig reiðubúið til að undirgangast tilteknar skuldbindingar gagnvart ESA ásamt því að lýsa yfir vilja til að stuðla að aukinni samkeppni á váttryggingarmarkaði til mótvægis við áhrif endurreisnar félagsins á samkeppni.

Viljayfirlýsing íslenska ríkisins fól meðal annars í sér að fjármála- og efnahagsráðherra mundi setja á fót sérfræðihóp til að endurskoða ákvæði laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, til að kanna hvort breytingar á lögnum, sem mundu auðvelda uppsagnir á váttryggingarsamningum, gætu aukið hreyfanleika viðskiptavina milli váttryggingafélaga. Sérstaklega skyldi í þessu sambandi horft til nýlegra breytinga á löggjöf Noregs (lov om forsikringsavtaler) um sambærileg ákvæði svo og ákvæða laga um fjármálafyrirtæki í Danmörku (lov um finansiel virksomhed) um hreyfanleika. Yrði niðurstaða sérfræðihópsins sú að slíkar breytingar væru til hagsbóta fyrir váttryggingarmarkaðinn mundi ráðherra leggja fram frumvarp þess efnis fyrir lok árs 2014.

Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði starfshóp í byrjun árs 2014 sem skilaði skýrslu til fjármála- og efnahagsráðherra í ágúst 2014 með tillögum að breytingum á lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga. Megin tillögur starfshópsins voru fjórar. Í fyrsta lagi að váttryggingartaki gæti sagt upp váttryggingarsamningi til að flytja váttryggingu til annars félags. Í öðru lagi að uppsögnin skyldi vera með 30 daga fyrirvara og miðast við næstu mánaðamót þar á eftir. Í þriðja lagi að taka mætti tillit til þess við uppgjör ef áhætta er misjöfn á samningstímabili váttryggingar og í fjórða lagi að váttryggingafélag mætti ekki taka gjald vegna kostnaðar sem getur hlotist af því að váttryggingu er sagt upp á samningstímabili.

## II. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Í 14. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, er heimild fyrir váttryggingartaka til þess að segja upp váttryggingarsamningi og er ákvæðið svohljóðandi:

„Nú vill váttryggingartaki segja upp váttryggingarsamningi þegar komið er að endurnýjun hans og verður hann þá að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því að það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skylt að tilkynna félaginu um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

Váttryggingartaki getur á váttryggingartíma sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn.

Sé um hóp váttryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæði 2. mgr. í váttryggingarsamningi.“

Samkvæmt 2. mgr. endurnýjast váttryggingarsamningur því sjálfkrafa sé honum ekki sagt upp. Ákvæðið heimilar uppsögn ef váttryggingar er ekki lengur þörf eða ef fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður og er váttryggingartaki bundinn af því að segja upp váttryggingarsamningi þegar komið er að endurnýjun hans.

Í frumvarpi því sem varð að lögnum kemur fram að fyrnefnda tilvikið, þ.e. þegar váttryggingartaki hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna, mundi einkum eiga við þegar hann hefur selt hina váttrygðu hagsmuni eða losað sig við þá með öðrum hætti. Síðarnefndu tilvikin, þ.e. að fyrir hendi séu önnur sérstök tilvik, verða að vera þess eðlis að þau réttlæti uppsögn. Það verða því að vera fyrir hendi málefnalegar ástæður fyrir uppsögninni sem fela það í sér að forsendur fyrir samningssambandinu við félagið séu brostnar.

Þá segir í frumvarpinu að það teljist t.d. ekki sérstakar ástæður í þessum skilningi þótt váttryggingartaki myndi út að annað félag byði betri váttryggingarvernd eða sömu váttryggingarvernd fyrir lægra iðgjald. Meginreglan sé ótvírætt sú að það réttlæti ekki uppsögn þótt váttryggingartaki hafi spurnir af betri kjörum, t.d. lægra iðgjaldi, annars staðar. Það er því

ljóst að það er engin heimild í lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, til að segja upp váttryggingarsamningi á miðju samningstímabili eingöngu til að flytja váttryggingar til annars váttryggingafélags til dæmis vegna þess að betri kjör bjóðast.

Norsku lögin um váttryggingarsamninga sem eru frá 1989 voru fyrirmynd gildandi laga nr. 30/2004. Norsku lögunum var breytt á árinu 2005 og lögfest var ákvæði um rétt váttryggingartaka til að segja upp váttryggingarsamningi til að flytja váttryggingar sínar til annars félags. Einnig eru ákvæði um uppgjör iðgjalda vegna uppsagna á samningstímabili, þar á meðal að váttryggingartaki skuli fá endurgreidd ofgreidd iðgjöld.

Í norska frumvarpinu kemur fram að rökin fyrir því að heimila uppsögn vegna flutnings váttryggingar til annars váttryggingafélags sé að uppsögnin styrki réttarstöðu váttryggingartaka og hafi í för með sér aukna samkeppni á váttryggingarmarkaði sem leiði frekar til lækkunar iðgjalda. Fram kemur að nauðsynlegt sé talið að auka hreyfanleika og samkeppni á markaðnum og þótt erfitt geti verið að meta áhrif frumvarpsins á samkeppni á váttryggingarmarkaði sé það metið þannig að ákvæði sem heimili flutning milli váttryggingafélaga á samningstímabili muni hafa jákvæð áhrif á samkeppni. Meginástæður þess að ákvæði um hreyfanleika váttryggingartaka voru sett í lögin í Noregi eru því neytendavernd og samkeppnissjónarmið.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur einnig fram að þótt lítið væri um að váttryggjendur skiptu um váttryggingafélag væri talið að einungis sá möguleiki að hægt væri að flytja váttryggingar á milli félaga gæti aukið samkeppni á váttryggingarmarkaði. Þá var kostnaður við flutning váttrygginga milli váttryggingafélaga ekki talinn svo verulegur að hann ætti að hafa áhrif á heimild til uppsagnar.

Ákvæði dönsku laganna um hreyfanleika eru í lögum um fjármálafyrirtæki frá 2013. Ákvæðið skyldar váttryggingafélög að hafa í skilmálum neytendatrygginga að tryggingartaki geti sagt upp tryggingu með 30 daga fyrirvara.

Helstu rökin fyrir því að auka heimildir til þess að segja upp váttryggingarsamningi eru samkeppnissjónarmið og neytendavernd.

Ýmis atriði stuðla að virkri samkeppni á váttryggingarmarkaði eins og hversu auðvelt er fyrir váttryggingartaka að skipta um váttryggingafélag á váttryggingartíma. Þetta skiptir sérstaklega máli þegar váttryggingartímabilið er langt. Markaðssetning váttryggingafélaga og verðvitund váttryggingartaka skipta einnig máli varðandi samkeppni á váttryggingarmarkaði. Það er því unnt að stuðla að virkri samkeppni með því að auðvelda váttryggingartaka að skipta um váttryggingafélag. Slík samkeppni ætti um leið að leiða til lækkunar á iðgjaldi váttrygginga. Sá möguleiki einn að unnt sé að skipta með einföldum hætti um váttryggingafélag getur verið samkeppnisvaldandi. Með framangreind sjónarmið að leiðarljósi er frumvarp þetta lagt fram til að stuðla að auknum hreyfanleika á íslenskum váttryggingarmarkaði.

Verði frumvarpið að lögum hefur íslenska ríkið uppfyllt skuldbindingar gagnvart ESA vegna rannsóknar stofnunarinnar á því hvort aðkoma íslenska ríkisins að endurreisn váttryggingafélagsins Sjóvár samrýmist ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins og með því stuðlað að aukinni samkeppni á váttryggingarmarkaði.

### III. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 14. og 17. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, sem fjalla um heimild váttryggingartaka til þess að segja upp váttryggingarsamningi og uppgjör þegar váttryggingarsamningi er slitið á váttryggingartímabili.

Meginbreytingin er að lagt er til að váttryggingartaki geti sagt upp váttryggingarsamningi á váttryggingartíma til að flytja váttryggingu til annars félags. Lagt er til að uppsögnin skuli

vera með 30 daga fyrirvara sem miðist við næstu mánaðamót þar á eftir. Einnig er lagt til að tekið sé tillit til áhættusveiflna við uppgjör þegar tekið er tillit til þeirra við ákvörðun iðgjalds og að lokum er lagt til að váttryggingafélag megi ekki taka gjald vegna kostnaðar þess við það að váttryggingu sé sagt upp á samningstímabili.

#### **IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til sérstakrar skoðunar á samræmingu við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

#### **V. Samráð.**

Frumvarpið er byggt á vinnu starfshóps sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði. Í starfshópnum sem skilaði einróma niðurstöðu voru fulltrúar frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Neytendastofu auk fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

#### **VI. Mat á áhrifum.**

Verði frumvarp þetta að lögum er ekki gert ráð fyrir því að lagabreytingarnar muni hafa í för með sér verulegar breytingar á hreyfingum viðskiptavina milli félaga. Það mat byggist á reynslu annarra Norðurlanda af sambærilegum breytingum á lögum um váttryggingarsamninga ásamt niðurstöðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) sem gerir skorkort í neytendamálum til að kanna stöðuna á innri markaði Evrópusambandsins út frá sjónarhóli neytenda.

Niðurstöður skorkorts fyrir árið 2012 varðandi hreyfanleika neytenda þegar kemur að váttryggingum leiddu í ljós að um helmingur neytenda á Íslandi telur auðvelt að skipta um váttryggingafélag hvort sem um er að ræða fasteigna- eða bifreiðatryggingar. Það er mun lægra hlutfall en annars staðar á Norðurlöndunum hvort sem þar eru ákvæði í lögum um skemmri uppsagnarfrest eða ekki. Í Noregi telja rúmlega 70% neytenda auðvelt að skipta um váttryggingafélag og í Svíþjóð er hlutfallið tæp 65%. Í Svíþjóð gilda sambærilegar lagareglur um uppsagnarfrest eins og á Íslandi.

Ísland sker sig ekki úr varðandi það hvort neytendur hafi skipt um váttryggingafélag á tímabilinu. Íslenskir neytendur skipta álíka oft um váttryggingafélag og neytendur á Norðurlöndunum almennt þrátt fyrir að þeir síðarnefndu telji það erfiðara.

Binditími váttrygginga í lögum virðist því ekki hafa úrslitaáhrif á það hvort neytendur skipti um váttryggingafélag eða ekki.

Megináhrif frumvarpsins felast í því að gera má ráð fyrir að samkeppni á váttryggingarmarkaði aukist vegna þess að auðveldara verður fyrir váttryggingartaka að skipta um váttryggingafélag og að réttarstaða váttryggingartaka styrkist við það. Mögulegt er að iðgjöld váttryggingafélaga lækki frekar og þjónusta batni verði frumvarp þetta að lögum vegna þeirra samkeppnisáhrifa sem það hefur.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við 14. gr. laganna að váttryggingartaki geti sagt upp váttryggingarsamningi á váttryggingartíma til að flytja váttrygginguna til annars félags. Þá er lagt til að ákvæði 14. gr. um tímafresti uppsagnar verði breytt og að tilkynna skuli félagi um uppsögn með 30 daga fyrirvara sem miðist við næstu mánaðamót þar á eftir. Við uppsögn skal upplýsa til hvaða váttryggingafélags sé flutt og frá hvaða tíma.

## Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að tveimur málsgreinum sé bætt við 17. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að tekið sé tillit til áhættusveiflna við uppgjör þegar tekið er tillit til þeirra við ákvörðun iðgjalds. Hins vegar er lagt til að váttryggingafélag megi ekki taka gjald vegna kostnaðar þess við það að váttryggingu sé sagt upp á samningstímabili.

Í sumum tilvikum er áhætta sveiflukennd á váttryggingartímabilinu og það hefur áhrif ef váttryggingu er sagt upp á miðju samningstímabili. Þetta getur t.d. átt við um váttryggingar fyrir mótorhjól og skemmtibáta þar sem aðaláhættutímabilið er um mitt ár. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er því lagt til að unnt sé að taka tillit til slíkrar áhættusveiflna í uppgjöri þegar váttryggingarsamningi er sagt upp á váttryggingartímabili.

Þá er lagt til að váttryggingafélag megi ekki taka gjald vegna kostnaðar sem getur hlotist af því að váttryggingu er sagt upp á samningstímabili. Forsendur þess ákvæðis eru að sveigjanleiki váttryggingartaka og möguleiki til þess að skipta um váttryggingafélag eru talin vega þyngra en greiðsla þóknunar þar sem það eru sterkari forsendur fyrir skilvirkum markaði. Greiðsla þóknunar vegna uppsagnar væri hamlandi fyrir neytendur og gæti í raun læst þá í váttryggingarsamningi.

## Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að frumvarpið taki gildi 1. janúar 2015. Gildisdagsetningin er við það miðuð að váttryggingafélög hafi ráðrúm til þess að breyta verklagi og kerfum vegna frumvarpsins.

**Fylgiskjal.**

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,  
skrifstofa opinberra fjármála:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 30/2004,  
um váttryggingarsamninga, með síðari breytingum  
(hreyfanleiki viðskiptavina).**

Í frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum um váttryggingarsamninga að váttryggingartaki geti á váttryggingartíma sagt upp váttryggingarsamningi til að flytja váttrygginguna til annars félags. Váttryggingartaki skal tilkynna um uppsögn með 30 daga fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar breytingar öðlist gildi 1. janúar 2015.

Tilgangurinn með þessum breytingum á lögnum er að auka hreyfanleika viðskiptavina milli váttryggingafélaga og þar með að efla samkeppni á váttryggingamarkaði. Ekki er þó talið að þetta muni hafa í för með sér verulegar breytingar á hreyfingum viðskiptamanna milli váttryggingafélaga miðað við reynslu annarra Norðurlanda af sambærilegum breytingum.

Frumvarpið varðar fyrst og fremst váttryggingafélög og váttryggingamiðlara. Lögfesting frumvarpsins mun því ekki hafa í för með sér áhrif á fjárhag ríkissjóðs.